



TIL FORELDRA FRÁ HEILSUVERND SKÓLABARNA

HEILSUVERND SKÓLABARNA

HEILSUFARSSKOÐANIR

Heilsufarsskoðanir fara fram í 1., 4., 7. og 9. bekk.

Skoðunin felur í sér sjónpróf, hæðar- og þyngdarmælingu auk fræðslu og viðtals um heilsu og líðan.

Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til.

BÓLUSETNINGAR

7. bekkur

Mislingar, rauðir hundar og hettusótt (ein sprauta) og HPV (human papiloma virus (2 sprautur á 6 mánuðum)

9. bekkur

Mænusótt, barnaveiki, stífkrampi og kíghósti (ein sprauta).

Ef líkur eru á að barnið sé ekki að fullu bólusett þá eru foreldrar hvattir til að hafa samband við skólaheilsugæsluna.

TANNHEILSA

Mikilvægt er að foreldrar fari með börn sín í reglubundið eftirlit til tannlæknis. Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í kostnaði vegna tannlækninga barna að 18 ára aldri.

Skráning hjá heimilistannlækni í Réttindagátt SÍ á island.is ([Tannlækningar | Sjúkratryggingar](#)) er forsenda greiðslupátttöku SÍ og tryggir börnum gjaldfrjálsa tannlæknisþjónustu.



MARKMIÐ

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Starfsemi heilsuverndar skólabarna er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Í henni felast heilsufarsskoðanir, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans.

6H HEILSUNNAR - HEILBRIGÐISFRÆÐSLA

Heilsuvernd skólabarna sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífsháttá ymist í hópi eða á einstaklingsgrunni. Byggt er á **6-h** heilsunnar sem eru áhifapættir heilsu og er samstarfsverkefni Heilsugæslunnar og Embættis landlæknis. Áherslur fræðslunnar eru **hollusta** – **hvíld** – **hreyfing** – **hreinlæti** – **hamingja** - **hugrekki** og kynheilbrigði. Eftir fræðslu fá foreldrar sent bréf og gefst þeim þá kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu. Á vefnum heilsuvera.is er hægt að nálgast ýmsan heilsutengdan fróðleik.

LYFJAGJAFIR

Sjaldgæft er að börn þurfi að taka lyf á skólatíma. Þurfi börn á því að halda er foreldrum bent á að hafa samband við hjúkrunarfræðing í skólanum og kynna sér tilmæli Landlæknis um lyfjagjafir í skólum.

SLYS OG VEIKINDI

Mikilvægt er að hjúkrunarfræðingur í skólanum viti af börnum sem eru með langvinnan og/eða alvarlegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma. Ef óhapp eða slys verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins. **Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af hjúkrunarfræðingi í skólanum.**

LÚS

Mikilvægt er að foreldrar kembi og/eða leiti að lús í hári barna sinna reglulega, t.d. vikulega. Ef upp kemur lús í skólanum er send tilkynning um það heim ásamt leiðbeiningum um meðferð. Kemming og meðferð er á ábyrgð foreldra.

LÍÐAN BARNA

Til að njóta sín í námi verður barninu að líða vel í skólanum. Heilsuvernd skólabarna hvetur foreldra til að vera vakandi yfir líðan barna sinna og spyrja þau reglulega um líðan sína. Einnig að hafa hugfast að hrós og hvatning styrkja jákvæða hegðun og auka vellíðan. Foreldrar geta ávallt leitað ráðgjafar hjá hjúkrunarfræðingi í heilsuvernd skólabarna varðandi málefni er varða líðan og heilbrigði barnsins.

**Með kveðju og ósk um gott samstarf.
Starfsfólk heilsuverndar skólabarna**